

MINNISBLAÐ

Skipulagsbreytingar á Fjölskyldusviði

Í ljósi þess að gengið hefur verið frá starfslokasamningi við æskulýðsfulltrúa leggur undirrituð til að gerðar verði skipulagsbreytingar á Fjölskyldusviði.

Lagt er til að staða æskulýðs- og forvarnarfulltrúa verði sameinuð í eina stöðu, æskulýðs- og forvarnarfulltrúa. Æskulýðsfulltrúi hefur heyrt beint undir sviðsstjóra. Forvarnarfulltrúi hefur síðustu árin heyrt undir úrræðadeild Fjölskylduþjónustunnar og næsti yfirmaður forvarnarfulltrúa verði deildarstjóri úrræðadeildar. Verði tillagan samþykkt mun æskulýðs- og forvarnarfulltrúi heyra beint undir sviðsstjóra.

Núverandi forvarnarfulltrúi hefur sinnt starfi æskulýðsfulltrúa síðan í maí 2013 auk þess sem hann sinnti starfinu að stórum hluta til árið 2012. Hann hefur leyst starfið af hendi með miklum ágætum og er það tillaga undirritaðrar að óskað verði eftir því að hann taki við starfi æskulýðs- og forvarnarfulltrúa.

Jafnframt er lagt til að ráðinn verði starfsmaður sem sæi m.a. um tengsl við Músík og Mótor, Húsið, forvarnarverkefni sem æskulýðs- og forvarnarfulltrúi myndi fela viðkomandi, málefni nýbúa, o.fl. Starfið yrði auglýst og gert ráð fyrir að viðkomandi myndi hefja störf um áramót.

Hafnarfjörður 21. október 2013

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar

Á fundi Fjölskylduráðs 23. október var samþykkt:

3. 1310315 - Fjölskylduþjónusta, skipulagsbreytingar Sviðsstjóri gerði grein fyrir fyrirhuguðum skipulagsbreytingum á Fjölskylduþjónustu og lagði fram minnisblað. **Niðurstaða fundar:** Fjölskylduráð samþykkir að Geir Bjarnason taki við starfi æskulýðs- og forvarnarfulltrúa með 5 samhljóða atkvæðum.